

Stefna embættis skattrannsóknarstjóra 2019–2023

Samfélagslegur árangur	Borgarar og viðskiptavinir	Fjármál	Ferlar og nýsköpun	Mannauður
<p>1. Meginverkefni okkar er að tryggja innheimtu lögmætra skatttekna samfélagsins með því að rannsaka, upplýsa og refsa fyrir undanskot frá skatti í þeim tilgangi að skapa varnaðaráhrif sem draga úr þeirri ógn við velferð almennings sem felst í skattsvikum.</p> <p>2. Við búum yfir framúrskarandi hæfni og þekkingu á rannsóknum skattundanskota.</p> <p>3. Við forgangsröðum aðföngum okkar þannig að tryggt sé að árangur af störfum okkar sé hámarkaður á hverjum tíma.</p> <p>4. Við upplýsum skattundanskot fljótt og á öruggan hátt.</p> <p>5. Við tökum virkan þátt í alþjóðasamstarfi, fylgjumst vel með þróun skattundanskota og fagþekkingu á okkar sviði.</p> <p>6. Við leitumst við að tryggja innheimtu lögmætra skatttekna með viðeigandi aðgerðum.</p> <p>7. Við leitumst við að hafa áhrif á almenningsálitið í þá átt að fólk taki ekki þátt í skattundanskotum.</p> <p>8. Við leggjum okkar að mörkum til að tryggja viðeigandi framgang mála innan kerfisins.</p> <p>9. Við stuðlum að því að skattundanskotum fylgi viðeigandi refsing.</p>	<p>1. Við tryggjum jafnræði í málsmeðferð og ákvarðanatöku.</p> <p>2. Fagleg úrvinnsla allra mála er keppikefli okkar og fyrirsjáanleiki einkennir vinnubrögð og afgreiðslu.</p> <p>3. Við leggjum áherslu á virðingu og tillitssemi í öllum okkar samskiptum við viðskiptavini.</p> <p>4. Við vinnum markvisst að því að rafvæða úrvinnslu og samskipti þar sem því verður við komið.</p> <p>5. Málsmeðferð okkar er hröð, skilvirk og áreiðanleg.</p> <p>6. Við eigum góða samvinnu við fagráðuneyti, aðrar stofnanir og samstarfsaðila með það fyrir augum að málsmeðferð í heild sinni virki sem best.</p> <p>7. Við leggjum okkur fram um að kynna starfsemi okkar og árangur af starfi okkar út á við. Við trúum því að það hafi fælingarmátt.</p> <p>8. Við eflum tengsl okkar við hagsmunaaðila með frumkvæði að beinum samskiptum og markvissri almennri umræðu.</p>	<p>1. Við störfum ávallt innan marka fjárheimilda.</p> <p>2. Áætlanagerð er vönduð og stjórnendur koma að gerð áætlunar og frávíkagreiningar fyrir sína starfsemi með virkum hætti.</p> <p>3. Skýr forgangsröðun er leiðarljós í okkar rekstri.</p> <p>4. Við nýtum upplýsingatækni til frekari skilvirkni og áreiðanleika.</p> <p>5. Við höldum uppi virkum samskiptum við fjármála- og efnahagsráðuneytið varðandi verkefni, árangur embættisins og fjármögnun til að standa undir öflugri rannsóknarstarfsemi.</p>	<p>1. Við leitumst við að tryggja að alvarlegustu brotin berist embættinu hverju sinni og sæti viðunandi meðferð innan stjórnarsýslunnar.</p> <p>2. Við leggjum áherslu á að skjalastjórnun, umsýsla og allur frágangur skjala sé ávallt í samræmi við ströngustu kröfur.</p> <p>3. Við beitum öflugum áhættugreiningum og fylgjumst vel með þróun skattaundanskota sem gerir starfið bæði markvissara og hagkvæmara.</p> <p>4. Við rekum árangursstjórnunarkerfi, sem tengir auðlindir og aðföng við árangur og framfarir. Þannig getum við reglubundið endurskoðað frammistöðu og bætt árangur.</p> <p>5. Verklagsreglur og verkferlar eru til fyrirmyndar á hverjum tíma og ávallt í samræmi við lög og reglur.</p> <p>6. Öflug upplýsingatækni er lykilatriði í okkar rekstri. Við leitum leiða til að ná fram betri árangri með hagnýtingu upplýsingatækninnar.</p> <p>7. Við leggjum áherslu á nýsköpun og umbætur í öllu okkar starfi.</p>	<p>1. Á hverjum tíma höfum við á að skipa framúrskarandi sérfræðingum sem allir eru faglega fremstir í sinni röð.</p> <p>2. Verkefni okkar eru í eðli sínu krefjandi og því leggjum við okkur fram um að skapa góðan starfsanda, starfið sé uppbyggilegt og gefandi og starfsfólki líði vel í vinnunni.</p> <p>3. Við viðhöfum opin og heiðarleg samskipti. Stjórnendur og starfsfólk veita styrkjandi endurgjöf og stuðlað er að því að starfsfólk vaxi í starfi.</p> <p>4. Við tryggjum að aðbúnaður starfsfólks sé eins og best er á kosið til að við getum sinnt verkefnum okkar af kostgæfni.</p> <p>5. Allir starfsmenn eru meðvitaðir um sinn þátt í að viðhalda ánægju á vinnustaðnum og leggja sitt af mörkum.</p> <p>6. Ríkjandi menning er fyrir teymisvinnu og þekkingarmiðlun.</p> <p>7. Við sköpum frjóan jarðveg fyrir nýsköpun og tækniframfarir sem skilar sér í þróun nýrra og skilvirkari vinnuaðferða.</p> <p>8. Við bjóðum fjölskylduvænt starfsumhverfi, samkeppnishæf starfskjör og sköpum tækifæri til að þróast og þroskast í leik og starfi.</p> <p>9. Við leitumst við að koma á og tryggja fyllsta jafnræði á milli kvenna og karla í starfsemi og rekstri stofnunarinnar auk þess að stuðla að því að allir starfsmenn fái notið sín í starfi á jafnréttisgrundvelli án tillits til kynferðis, fötlunar, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, stjórnsmálaskoðana, trúar, kynhneigðar eða annarra slíkra persónubundinna atriða.</p>